



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. júlí 2024.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga, þskj. 1657, 1105. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Skrifstofan fagnar allri viðleitni til að styrkja réttindi sjúklinga og hverfa frá notkun nauðungar og þvingunar í heilbrigðiskerfinu.

Yfirlýst markmið frumvarpsins er „einkum að lögfesta meginregluna um bann við beitingu nauðungar og skapa lagaramma um það verklag sem viðhaft skal á heilbrigðisstofnunum hér á landi þegar nauðsynlegt þykir að víkja frá þeirri meginreglu og beita þannig úrræðum sem fela í sér þvinganir, valdbeitingu eða annars konar inngrip í sjálfsákvörðunarrétt, frelsi og friðhelgi einkalífs sjúklinga.“ Mætti af því tilefna áréttu að slíka meginreglu leiðir nú þegar af rmannréttindum sjúklinga sem tryggð eru í stjórnarskránni, Mannréttindasáttmála Evrópu, Samningnum um réttindi fatlaðs fólks, og fjölda annarra alþjóðlegra sáttmála á sviði mannréttinda sem Ísland er aðili að.

Þrátt fyrir að hið yfirlýsta markmiðið sé af hinu góða, og í samræmi við réttindi sem sjúklingar hafa sannarlega nú þegar og stjórnvöldum ber að tryggja að sjúklingar njóti, þá kemst skrifstofan ekki hjá því að taka undir þær áhyggjur sem komið hafa fram í umsögnum t.a.m. ÖBÍ, Geðhjálpar, Hugarafls og fleiri til þingsins og í Samráðsgátt stjórnvalda áður en frumvarpið var lagt fram. Er þar m.a. lýst áhyggjum af því að undanþágur séu of víðtækar og að ekki megi líta á nauðung sem úrræði í heilbrigðiskerfinu, fremur sé beiting nauðungar merki um úrræðaleysi. Þá eru uppi áhyggjur af því að eftirlit með beitingu nauðungar sé ekki nægilega gott, þó svo því frumvarpi sem hér er til umsagnar sé ætlað að bæta eftirlit og skráningar og auka gagnsæi.

Markmið lagasetningar sem þessarar ætti eftir sem áður að vera að binda endi á nauðung og þvinganir, enda eiga mannréttindi að tryggja sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga yfir eigin líkama.. Þá hefur reynsla annarra Evrópuríkja sýnt að löggjöf sem miðar að því að takmarka nauðung og



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Þvinganir hefur ekki verið árangursrík, jafnvel þvert á móti.<sup>1</sup> Hvetur skrifstofan til þess að lítið sé til reynslu annarra ríkja og gengið lengra en hér er gert til að hætt verði að líta á nauðung og þvinganir sem úrræði í heilbrigðiskerfinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra

---

<sup>1</sup> Evrópuráðið, *Ending coercion in mental health: the need for a human rights-based approach*, <https://pace.coe.int/pdf/c9ff42fa77c73dc5ba11a9331283d60e6a62c227b149ca6ffb2c709dfc1172a7?title=Doc.%2014895.pdf>, bls. 7-8.